

25 Til þess að koma upp mannvirkjum eða fá ráð á fasteignum, sem lög þessi mæla
12. febr. fyrir um, skal veittur fimm ára frestur frá gildistöku þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

26
12. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt, er sérstaklega stendur á, að veita þessum skipum leyfi til þessara veiða frá 1. okt. til 30. nóv. Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

2. gr.

Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“, bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.